

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 30. ágúst 2023
UST202308-110/A.B.
10.04.03

Efni: Grenndarkynning - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi innan fólkvangsins að Hliði á Álftanesi.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um grenndarkynningu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Hlið á Álftanesi. Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að byggingarreitur fyrir hús nr. 1. við Hliðsveg er aðlagður að þeim framkvæmdum sem nú þegar er búið að gera. Auk þess er leyfilegt að byggja 21 m² garðstofu vestan við núverandi hús að lóðarmörkum. Byggingarmagn eykst um 16 m² með tilkomu garðstofnunar. Hámarks byggingamagn nýbyggingar verður 303 m². Gistirými fjölgar úr 23 í 25.

Áhrifasvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýstu svæðin. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

Fólkvangur

Umhverfisstofnun bendir á að Hlið á Álftanesi var friðlýst sem fólkvangur árið 2002. Árið 2020 var fólkvangurinn stækkaður og friðlýsingaskilmálar endurskoðaðir.¹

Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota og að vernda fuglalíf, búsvæði fugla og líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Miðar verndunin að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúrunni, svæðis til útivistar, náttúruskoðunar og til fræðslu. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar.

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Augl%3%bdsing%20Stj%3%b3rnart%3%ad%3%b0indi.pdf>

Aðgengi að svæðinu er gott og er það hluti af lífríku svæði og því ákjósanlegt til útikennslu. Innan svæðisins eru m.a. margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra sem eru ábyrgðartegundir á Íslandi og eru þær skráðar á viðauka II og III við Bernarsamninginn. Á svæðinu er einnig auðugt botndýralíf á grunnsvæði og lífríkar þangfjörur. Jafnframt eru friðlýstar menningarminjar (Skjónaleiði) innan fólkvangsins.

Umhverfisstofnun telur að uppbygging og rekstur undanfarinna ára hefur haft neikvæð áhrif á fólkvanginn og telur stofnunin að frekari uppbygging á skipulagssvæðinu muni hafa neikvæð áhrif á hlutverk og markmið fólkvangsins.

Auk þess bendir stofnunin á að mikilvægt sé að mörk fólkvangsins séu sýnd á öllum uppdráttum og teikningum.

Leyfi

Þar sem að byggingareitur fyrir garðskála liggur á friðlýsingarmörkum bendir Umhverfisstofnun á að allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Framkvæmdir gætu einnig verið leyfisskyldar skv. öðrum lögum s.s. skipulagslögum nr. 123/2010, lögum nr. 160/2010 um mannvirki og lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Akstur vinnuvéla

Þar sem byggingareitur garðskála liggur að friðlýsingarmörkum bendir Umhverfisstofnun á að akstur vélknúinna ökutækja utan vega innan fólkvangsins er óheimill, sbr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Því er akstur vinnuvéla og annarra vélknúna ökutækja innan fólkvangsins óheimil.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir séu utan varptíma.

Ásýnd og staðarandi svæðisins

Umhverfisstofnun bendir á að í dag hafa byggingar innan fólkvangsins svipaða ásýnd og búsetulandslag í Garðahverfi. Uppbygging innan skipulagssvæðisins hefur haft áhrif á ásýnd svæðisins og þar með talið fólkvanginn. Að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að sú ásýnd á svæðinu haldist.

Græn svæði

Umhverfisstofnun hvetur til þess að hugað sé að grænum svæðum innan skipulagssvæðisins og þeim fjölgað.

Samráð

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu varðandi verkefnið áður en það er afgreitt hjá sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri